

1955

án undangengins dóms eða sáttar, enda komu ekki fram í fógeta-
réttinum varnir af hálfu gjaldþola.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda
kr. 150.000 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Lögtak það, sem hinn 4. apríl 1978 var lagt á eignarhluta
stefnanda, Halldórs E. Malmberg, í húsinu nr. 94 við Sörla-
skjól hér í borg, skal falla niður að því er tekur til kr.
504.350.

Stefndi, gjaldheimtustjórinn í Reykjavík f. h. Gjaldheimt-
unnar í Reykjavík, greiði stefnanda kr. 150.000 í málskostnað
innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför
að lögum.

Fimmtudaginn 11. desember 1980.

Nr. 198/1980. **Steinunn Agla Gunnarsdóttir og**

Guðrún Gunnarsdóttir

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Auði Sigurðardóttur Wölstad

Arnþóru Sigurðardóttur

Þorsteini Sigurðssyni

Kristrúnu Haraldsdóttur

Guðmundi Helga Haraldssyni og

Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta,

skiptaráðanda í Reykjavík,

f. h. dánarbús Sigurðar Jónssonar

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Lífsgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson,

Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 10. febrúar 1978. Því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 3. október 1980. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju með stefnu 20. október 1980 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og gjafabréf Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 verði metið gilt og íbúð þeirri, er þar um ræðir, verði haldið utan við skipti á dánarbúi hans. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi annarra stefndu en dánarbús Sigurðar Jónssonar.

Stefndu, aðrir en dánarbú Sigurðar Jónssonar, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hendi dánarbús Sigurðar Jónssonar eru engar kröfur gerðar í málinu.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur áfrýjandinn Guðrún orðið lögráða og tekið sjálf við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal ljósrit af kaupsamningi um íbúð þá, sem um er fjallað í málinu, dagsettum 3. janúar 1958.

Með skráningu gjafabréfsins hjá stjórn Byggingarfélags verkamanna og að fengnu samþykki stjórnarinnar til eignaryfurfærslu hafði Sigurður heitinn firrt sig rétti til að fá sjálfur afsal fyrir íbúðinni eða ráðstafa henni til annarra. Eins og á stóð, höfðu þessar aðgerðir hliðstæð réttaráhrif og hann hefði látið þinglýsa eignaryfurfærslu til áfrýjenda. Þegar þetta er virt, verður að telja, að hér hafi verið um lífsgjöf að ræða og að afnot Sigurðar heitins af íbúðinni og greiðslur í því sambandi svo og skattframtöl hans og áfrýjenda breyti hér engu um. Samkvæmt þessu verða kröfur áfrýjenda til greina teknar.

Málskostnaður í héraði falli niður. Stefndu, aðrir en dánarbú Sigurðar Jónssonar, greiði áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

1957

D ó m s o r ð:

Gjafabréf Sigurðar Jónssonar frá 13. mars 1975 til áfrýjenda, Steinunnar Öglu Gunnarsdóttur og Guðrúnar Gunnarsdóttur, telst gilt sem lífsgjöf, og skal íbúð þeirri, sem þar er um fjallað, haldið fyrir utan skipti á dánarbúi Sigurðar Jónssonar.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndu Auður Sigurðardóttir Wölstad, Arnþóra Sigurðardóttir, Þorsteinn Sigurðsson, Krístrún Haraldsdóttir og Guðmundur Helgi Haraldsson greiði áfrýjendum 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Við það verður að miða, að Sigurður Jónsson hafi verið búinn að greiða meira en helming kaupverðs íbúðar sinnar, er hann gerði gjafabréf sitt 1 ári og 10 mánuðum fyrir andlát sitt. Hafi hann því þegar á þessum tíma átt heimtingu á því samkvæmt 2. gr. kaupsamnings síns við byggingarfélagið að fá afsal fyrir íbúðinni. Sama rétt hlutu áfrýjendur að eiga sem réttartakar hans. Hafði þeim samkvæmt því átt að vera í lófa lagið að fá afsal fyrir íbúðinni á sitt nafn og að láta þinglýsa þeirri eignarheimild. Þetta gerðu áfrýjendur þó ekki. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar um afnot Sigurðar af íbúðinni, greiðslur gjalda, skatta og skyldna af henni og sér í lagi um það, að hann, en eigi áfrýjendur, taldi sér íbúðina eftir sem áður til eignar á skattframtali, tel ég, að staðfesta beri úrskurðinn um, að umræddur löggerningur skuli eigi metinn lífsgjöf. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði úrskurðarins um málskostnað. Þá tel ég rétt, að áfrýjendur greiði stefndu 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

1958

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. desember 1977.
Úrskurð þennan er að finna á bls. 1561—1567 að framan.

Fimmtudaginn 11. desember 1980.

Nr. 146/1978. **Ólafur Rúnar Gunnarsson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Birni Önundarsyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Björn Sveinbjörns-son og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Engin ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, en áfrýjandi, er eigi sótti þing í héraði, telur, að þau gögn, sem lágu fyrir héraðsdómi, hafi nægt til sýknu.

Mál þetta er risið af árekstri bifreiða, sem varð á eystri akbraut Hafnarfjarðarvegur rétt sunnan við Fossvogslækinn 4. janúar 1978. Vegurinn var blautur og háll og snjóruðningar á jöðrum hans. Bifreiðunum R 47881, sem áfrýjandi ók, og R 49742, sem var eign stefnda, en Önundur Sigurjón Björnsson ók, var báðum ekið norður Hafnarfjarðarveginn.

Lögreglan var til kvödd og gerði uppdrátt af vettvangi. Ökumenn bifreiðanna gáfu báðir skýrslu fyrir lögreglu.